



2. október 2017.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ

Samstarf við KVAN um vináttupjálfun – Mál 1705475

Í fræðsluráði hefur átt sér stað kynning og umræða um samstarf við fyrirtækið KVAN (372. og 375. fundur) um vináttupjálfun fyrir nemendur í grunnskólum. Meginhugmyndin snýr að því að færa umsjónarkennurum fleiri verkfæri til að efla félagsleg tengsl nemenda, átta sig á félagsstöðu í umsjónarþekkingum sínum og finna leiðir til að bæta félagsleg samskipti, m.a. til að hindra einelti eða annað ofbeldi meðal nemenda. Þannig snýr verkefnið að því að efla kennara og kenna þeim á verkfærin sem fylgja vináttupjálfuninni, sem m.a. eru greiningartæki, kennsluaðferðir og sérstök námskrá fyrir kennara að nýta sér - sem eins konar lífsleiknínámskrá í félagslegum samskiptum.

Innan fræðslu- og frístundaþjónustunnar hefur átt sér stað umræða um hugsanlegt samstarf við KVAN um þessa framkvæmd í grunnskólum Hafnarfjarðar, t.d. hvort byrja ætti í einum skóla eða fleirum, einum árgangi eða fleirum og annað skipulag. Umræðan hefur aðallega farið fram á meðal grunnskólastjórnenda núna í haust.

Meginsjónarmiðin sem eru í gangi eru að hefja samstarf við KVAN í vetur en byrja ekki of skart eða of ítarlega. Hugmyndin er að byrja með fræðsluna í einum árgangi þvert á bæinn og þá með umsjónarkennurum þess árgangs. Hugmyndin er þá að hver árgangur fái fræðsluna í þessum árgangi þótt alltaf séu möguleikar síðar að fjölga árgöngum ef það er talið heppilegt. Helst hefur árgangur á miðstigi, 5. eða 6. bekkur, verið nefndur sem heppilegur árgangur í fræðsluna.

Fjármagn til að hefja fræðsluna er til ráðstöfunar í þróunarsjóði fræðsluráðs fyrir árið 2017 en framhaldið byggir á fjárveitingum í fjárhagsáætlun 2018

Lagt fram í fræðsluráði til kynningar.

Virðingarfyllst,


Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri